

Stj.tíð B, nr. 518/1975.

Auglýsing um friðlýsingu Teigahorns við Berufjörð, Suður-Múlasýslu.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa sem náttúruvætti Teigahorn í Búlandshreppi í Suður-Múlasýslu.

*Mörk náttúruvættisins eru þessi:*

Frá stórstraumsfjöruborði að núverandi þjóðvegi milli Búlandsár að innan og Eyfreyjunesvíkur (Prófastsgötu) að utan.

*Um svæðið gilda þessar reglur:*

1. Hvergi má raska jarðmyndunum og bannað er að hrófla við steintegundum og flytja þær út af svæðinu. Eðlilegar framkvæmdir vegna búskapar á Teigahorni eru undanskildar þessum ákvæðum, svo og efnistaka við Búlandsá.
2. Óheimilt er að fara um svæðið nema með leyfi landeigenda, ábúanda á Teigahorni sem hefur eftirlit með náttúruvættinu í umboði [Umhverfisstofnunar].
3. Vegna þess að steintegundir, sem veðrast úr brimklifinu við ströndina, eyðileggjast fljótt nema hirtar séu er landeigenda heimilt að taka þar steina með sama hætti og verið hefur en gera skal hann Náttúrufræðistofnun Íslands viðvart um öll verðmætari eintök.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð [stofnunarinnar].

Um viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessum fer að náttúruverndarlögum.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 1. desember 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

---

Birgir Thorlacius